

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af sameiningu Evrópska efnahagssvæðisins vegna takmörkunar á hávaða frá loftförum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2. og 5. tölulið XVII viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XyuVII viðauka.

Eftirtaldar tilskipanir öðlast því gildi:

1. Tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. nóvember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða ásamt breytingu:
Tilskipun ráðsins 83/206/EBE frá 21. apríl 1983.
2. Tilskipun 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um hundahald í Grenivík frá Grenivíkurhólum að Grenjá nr. 509/1981 með síðari breytingum.

1. gr.

F. liður 2. gr. fellur brott.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Grýtubakkahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.